

**52** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ólafs Gissurar-  
19. júní sonar og Kristínar Pálsdóttur frá Ósi í Hólshreppi“, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum af dómsmálaráðherra 19. júní 1934. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafs Gissurssonar og Kristínar Pálsdóttur frá Ósi í Hólshreppi.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Minningarsjóður Ólaf Gissurssonar og Kristínar Pálsdóttur“. Hann er myndaður með gjöfum frá ættingjum þeirra hjóna, og nemur hann í dag, sem er 100 ára afmælisdagur Ólafs heitins, kr. 1347,97. Sjóðurinn er ávaxtaður í Sparisjóði Bolungavíkur og ber að ávaxta hann þar áfram meðan stjórn minningarsjóðsins telur það tryggt, enda njóti hann ekki lakari vaxtakjara en Landsbankinn býður.

### 2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn: Sóknarprestur Hólssóknar og er hann formaður stjórnarinnar, formaður Sparisjóðs Bolungavíkur og einhver af nánustu fulltíða ættingjum Ólafs heitins, sem búsettir eru í Hólshreppi, nú Árni E. Árnason bókhaldari. Verði enginn þeirra þar búsettur, eða gefi kost á sér, skal formaður sóknarnefndar skipa þriðja sætið í stjórninni. Verði stjórnin ekki fullskipuð á þenna hátt, kýs safnaðarnefnd til viðbótar í stjórnina. Stjórnin heldur gjörðabók og skrifar reikning sjóðsins í hana í lok hvers almanaksárs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum sparisjóðsins. Ætlast er til þess að stjórn og endurskoðendur vinni endurgjaldslaust.

### 3. gr.

Vextir sjóðsins, og aðrar tekjur, sem honum kunna að áskotnast, leggjast við höfuðstólinn þar til hann hefir náð þeirri stærð að ársvextir hans nemi 150 krónum. Má stjórn sjóðsins þá úthluta 100 krónum árlega til tveggja þurfandi gamalmenna, sem ekki þiggja af sveit og búsett eru í Hólshreppi, 50 krónum til hvers, en eftirstöðvar vaxtanna leggjast við höfuðstólinn þar til ársvextirnir nema alls 200 krónum. Þá má á sama hátt bæta við þriðja styrkþeganum með 50 krónur, og þeim fjórða og fimmta þegar ársvextirnir hafa alls náð 250 og 300 krónum, o. s. frv., en eftirstöðvar vaxtanna, minnst 50 krónur, leggjast jafnan við höfuðstólinn.

### 4. gr.

Á 50 ára fresti má þáverandi stjórn sjóðsins breyta skipulagsskrá hans í samræmi við breytta tíma, en jafnan skal hann bera nafn þeirra hjóna og styrkja

líknarstarfsemi, sem líkasta þeirri, sem gert er ráð fyrir í skipulagsskrá þessari, **52**  
 enda fáist á þá breyting konungleg staðfesting. 19. júní

Suðureyri, 15. marz 1934.

*Ólafía Ólafsdóttir.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Sjúkraskýlissjóð Bolungavíkur“, **53**  
 útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómismálaráðherra 20. júní 1934. 20. júní  
 Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkraskýlissjóð Bolungavíkur.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sjúkraskýlissjóður Bolungavíkur“, og er heimili hans og varnarþing í Bolungavík. Sjóðurinn er jafnan eign íbúa Hólshrepps, hann er sjálfstæð stofnun, hefir sérstakt fjárhald og skal framvegis vera óháður fjárreiðum sveitarsjóðsins. Ákvæðum þessarar greinar má aldrei breyta.

### 2. gr.

Sjóðurinn er myndaður á tímabilinu frá 23. nóvember 1919 til þessa dags, með fjársöfnun í Hólshreppi, aðallega með samskotum, tekjum af skemmtunum og 5000 króna framlagi úr sveitarsjóði Hólshrepps á árunum 1921 til 1924. Fyrstu gjafirnar til sjóðsins eru 95 krónur frá Halldóri Kristinnssyni héraðslækni, tekjur af fyrirlestri, sem hann hélt í Bolungavík, og 100 krónur frá Guðriði Jónsdóttur og Arngrími Fr. Bjarnasyni, gjöf til minningar um barn þeirra. Eignir Sjúkraskýlissjóðsins, ásamt minningarsjóðnum, eru í dag kr. 23260,98, þar af kr. 22260,98 í viðskiptabók nr. 576 við Sparisjóð Bolungavíkur og 1000 króna eiginvixill oddvita Hólshrepps til greiðslu 30. marz 1934. Sjóðurinn stendur nú sem veð, auk annara trygginga, fyrir 12 þúsund króna skuld Hólshrepps við Sparisjóð Bolungavíkur.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af höfuðstólum.
2. Skemmtanaskattur samkvæmt reglugerð um skemmtanaskatt í Bolungavík.
3. Tekjur af sölu minningarspjalda.
4. Gjafir og áheit, sem sjóðnum kann að áskotnast.

Tekjur samkvæmt 2. lið renna fyrst um sinn í byggingarsjóð barnaskóla